

Fiskgengd um teljara í Gljúfurá í Húnavatnssýslu sumarið 2013

Ingi Rúnar Jónsson



Veiðimálastofnun

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Fiskgengd um teljara í Gljúfurá í Húnavatnssýslu sumarið 2013

Ingi Rúnar Jónsson

**apríl 2014
VMST/14038**

Forsíðumynd: Fiskvegur í Gljúfurá

Ljósmynd: Ingi Rúnar Jónsson

Veiðimálastofnun

Árleyni 22, 112 Reykjavík, Sími: 580-6300, Bréfasími: 580-6301
Netfang: veidimalastofnun@veidimal.is

Efnisyfirlit

Inngangur	bls. 1
Framkvæmd	bls. 1
Niðurstöður og umræða	bls. 1

Myndir:

- 1. mynd.** Fjöldi fiska sem gengu um teljarann í Gljúfurá
hvern dag sumarið 2013, ásamt vatnshita. bls. 2
- 2. mynd.** Lengdardreifing fiska sem gengu um teljarann í
Gljúfurá sumarið 2013. bls. 2
- 3. mynd.** Fjöldi fiska sem gengu um teljarann í Gljúfurá,
skipt eftir tíma sólarhrings, sumarið 2013. bls. 2

Tafla 1. Fjöldi laxa og silunga sem gengu um teljara, heildarafli, afli og
hlutfall afla ofan við teljara af göngu um teljara, í Gljúfurá 2007 til
2013..... bls. 3

Útdráttur

Sjálfvirkur fiskteljari hefur verið starfræktur í Gljúfurá í Húnavatnssýslu um árabíl. Sumarið 2013 var teljarinn settur niður 27. júní og tekinn upp 2. október. Rekstur teljarans gekk vel og gengu 10 silungar, 111 smálaxar og 30 stórlaxar um teljarann. Laxaganga sumarið 2013 var svipuð og árin 2010 og 2011, en mun meiri en sumarið 2012.

Lykilorð: fiskteljari, Gljúfurá, lax, silungur, göngutími

Inngangur

Árvaka fiskteljari hefur um árabíl verið starfræktur í Gljúfurá í Húnavatnssýslu, en hann gefur upplýsingar um stærð og göngutíma einstakra fiska. Þannig fæst stærðarsamsetning göngunnar og skipta má henni eftir tegundum m.t.t. stærðar einstaklinganna. Teljarinn gefur því veiðifélögum og veiðimönnum mikilvægar upplýsingar um gönguna á veiðitíma. Samanburður milli talninga og veiðiskráningar gefur síðan upplýsingar um veiðiálag og stærð hrygningarstofns í lok veiðitíma, sem er ein af forsendum sjálfbærar nýtingar laxastofna.

Framkvæmd

Sjálfvirkur fiskteljari (Árvaki) var staðsettur í fiskvegi í Gljúfurá, um 400 m neðan við brú á Þjóðvegi, sumarið 2013. Teljarinn var starfræktur frá 27. júní til 2. október. Rekstur teljarans gekk vel og var fylgst með starfsemi hans um upphringisamband.

Teljarinn fær orku með sólarrafhlöðu og skráir í minni göngutíma einstakra fiska, auk mælinga á stærðum þeirra. Einnig skráir teljarinn vatnshita á 3 klst fresti. Teljarinn vistar í minni skuggamyndir af þeim fiskum sem um hann ganga og af þeim er mæld hæð (þykkt) hvers fisks. Lengd fiska er síðan reiknuð út frá mælingum á hæð. Niðurstöður skráningar úr stangaveiði (Guðni Guðbergsson óbirt gögn) voru notaðar til samanburðar við úrvinnslu gagna, en m.a. þarf að ákvarða hæðar-/lengdarstuðul sem nota skal við útreikninga á lengd fiska.


Við samantekt gagnanna var farið yfir skráningar teljarans og skuggamyndir af fiskum, sem fylgja talningunum, skoðaðar. Með því móti er unnt að taka út þær færslur sem eru truflanir en ekki fiskar, þó teljarinn hafi metið þessar skráningar sem fisk. Við úrvinnslu gagna úr teljaranum fyrir sumarið 2013 var notaður hæðar-/lengdarstuðullinn 6,6. Silungur og lax eru aðgreindir eftir stærð, en miðað var við að fiskur minni en 45 cm væri silungur, smálax (1 ár í sjó) 45 til 71 cm og stærri fiskar væru stórlaxar (2 ár í sjó). Gera má ráð fyrir að raunveruleg stærðardreifing þessara hópa skarist eitthvað, auk þess sem einhver breytileiki getur verið í mælingum á stærð, s.s. eftir því hver staða fisksins (halli) er þegar hann fer um teljarann.

Niðurstöður og umræða


Sumarið 2013 gengu 10 silungur, 111 smálaxar og 30 stórlaxar um teljarann. Þetta eru svipaður fjöldi laxa og 2010 og 2011, en mikil aukning frá göngunni 2012 (tafla 1). Um 70 % laxanna gengu um teljarann í júlí og um fjórðungur í ágúst (1. mynd). Uppreiknuð lengd laxa sýnir að flestir voru á bilinu 50 til 74 cm (2. mynd). Færri fiskar eru að ganga seinni part nætur og fram undir hádegi, en á öðrum tímum sólarhringsins (3. mynd).

Samkvæmt úrvinnslu veiðiskráningar var afli ofan við teljara (upp frá og með veiðistað 9, Þrengslin) 1 lax sumarið 2013 og aflahlutfallið því mjög lágt (tafla 1).


Mjög hefur dregið úr aflahlutfalli ofan við teljara síðustu tvö veiðisumur, eftir að tekið var upp veiða-sleppa veiðifyrirkomulag í ánni og fjölda veiðidaga fækkað. Á árum áður var algengt aflahlutfall ofan við teljara um þriðjungur göngunnar (tafla 1).



1. mynd. Fjöldi fiska sem gengu um teljarann í Gljúfurá hvern dag sumarið 2013, ásamt vatnshita.




2. mynd. Lengdardreifing fiska sem gengu um teljarann í Gljúfurá sumarið 2013.



3. mynd. Fjöldi fiska sem gekk um teljarann í Gljúfurá, skipt eftir tíma sólarhrings, sumarið 2013.

Tafla 1. Fjöldi laxa og silunga sem gengu um teljara, heildarafli, afli og hlutfall afla ofan við teljara af göngu um teljara, í Gljúfurá 2007 til 2013.

Ár	Teljari			Heildar- afli	Afli o.v. teljara	Hlutfall veitt o.v. teljara (afli)
	Smálax	Stórlax	Silungur			
2007	207	20	10	110	70	31%
2008	169	36	21	99	72	35%
2009	63	41	7	122	83	80%
2010	101	37	56	69	47	34%
2011	102	47	19	63	54	36%
2012	11	8	43	9	7	5,3%
2013	111	30	10	1	1	0,7%



Veiðimálastofnun

Árleyni 22, 112 Reykjavík
Sími 580-6300 Símbréf 580-6301

www.veidimal.is veidimalastofnun@veidimal.is



Ásgarður, Hvanneyri
311 Borgarnes



Brekkugata 2
530 Hvammstangi



Verið, Háeyri 1
550 Sauðárkrókur



Austurvegur 3-5
800 Selfoss